

Námsmat við Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar

Stöðugt mat á námi nemenda fer fram í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar. Megintilgangurinn er að upplýsa nemendur, foreldra og kennara um framvindu námsins. Á miðjum vetri mæta nemendur ásamt forsjáaðila í viðtal hjá umsjónakennara þar sem farið er yfir framvindu náms og líðan í skólanum.

Kennarar fylla námsmat jafnt og þétt yfir skólaárið í hæfnikort í Mentor fyrir hvert fag, út frá yfirlitsprófum, könnunum og verkefnum nemenda. Kennarar vinna námsmat með hliðsjón af matsviðmiðum skólanámskrár sem hafa verið sett inn í Mentor. Þar merkja kennarar jafnt og þétt yfir skólaárið hver geta nemanda er út frá hverju markmiði, þegar unnið hefur verið með það í kennslu. Í lok skólaárs er síðan unnin lokaeinkunn út frá hvernig nemandanum hefur gengið að ná settum markmiðum í hverri grein fyrir sig. Forráðamenn eru hvattir til að fylgjast með námsmati jafnt og þétt yfir veturinn og hafa samband ef eitthvað er.

Yngsta stig

- Vinna nemenda er metin jafnt og þétt yfir veturinn. Nemendur taka hraðlestrarpróf á hvorri önn.
- Á vitnisburðarblaði fá nemendur hæfnitákn um allar greinar og umsögn þar sem þess er þörf ásamt upplýsingar um lesin atkvæði á mínútu og viðmið fyrir árgang.
- Marklistar eru notaðir til að fylgjast með því hvar nemendur eru staddir í námi.
- Völdum verkefnum er safnað í sýnismöppu.
- Skimunarpróf í lestri og stærðfræði eru notuð til leiðsagnar við kennslu.

Miðstig

- Vinna nemenda er metin jafnt og þétt yfir veturinn.
- Nemendur í 4. bekk taka samræmd próf í íslensku og stærðfræði og er niðurstaðan úr þeim nýtt til að leiðbeina nemendum við áframhaldandi nám.
- Á vitnisburðarblaði miðstigs eru gefnar umsagnir fyrir flestar greinar en í íslensku, stærðfræði og samfélagsfræði er gefin hæfnitákn ásamt umsögn.
- Völdum verkefnum er safnað í sýnismöppu.
- Nemendur í 7. bekk taka samræmd próf í íslensku og stærðfræði og er niðurstaðan úr þeim nýtt til að leiðbeina nemendum við áframhaldandi nám

Unglingastig

- Á vitnisburðarblaði unglingastig er gefin einkunn í bókstöfum fyrir allar greinar ásamt umsögn þar sem það á við.
- Nemendur í 9. bekk taka samræmd próf í íslensku, ensku og stærðfræði og er niðurstaðan úr þeim nýtt til að leiðbeina nemendum við áframhaldandi nám.
- Völdum verkefnum er safnað í sýnismöppu.

Matskvarði

Á yngstastigi (YS) og miðstigi (MIS) eru tákn nýtt sem matskvarðar og sjást þeir í lokamati nemenda að vori.



= Framúrskarandi



= Hæfni náð



= Á góðri leið



= Þarfnast þjálfunar



= Hæfni ekki náð

Á unglingastigi er nemendum gefið lokamat að vori með bókstöfum A – D.

- A** Framúrskarandi hæfni og frammistaða
- B+**
- B** Góð hæfni og frammistaða
- C+**
- C** Sæmileg hæfni og frammistaða
- D** Hæfni og frammistaða í námi er ábótavant

Lykilhæfni

Árið 2011 voru í aðalnámskrá grunnskóla skilgreindir fimm lykilhæfnipættir sem eru nýting miðla og upplýsinga, skapandi og gagnrýnin hugsun, sjálfstæði og samvinna, ábyrgð og mat á eigin námi og tjáning og miðlun. Þessir fimm þættir eru hafðir að leiðarljósi þegar unnið er að hæfniviðmiðum námsgreina.